

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. apríl 2017

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög (rafræn fyrirtækjaskrá, 410. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Með frumvarpinu eru m.a. lagðar til breytingar vegna undirbúnings rafrænnar fyrirtækjaskrár sem gera mun einstaklingum og lögaðilum kleift að skrá félög með rafrænum hætti.

Frumvörp sambærileg þessu voru áður lögð fram á 145. löggjafarþingi og skilaði Viðskiptaráð jákvæðum umsögnum um þingmálin.¹


Hagræði fólgid í rafrænni fyrirtækjaskrá

Viðskiptaráð fagnar því að til standi að einfalda regluverk atvinnulífsins og vonast til að stjórnvöld haldi áfram á sömu braut. Rafræn fyrirtækjaskrá felur í sér töluverða einföldun og hagræði við stofnun og skráningu fyrirtækja. Fram kemur í frumvarpinu að með innleiðingu skrárinnar verði hægt að skrá félög og breytingar samdægurs í stað þess að það taki sjö til tíu virka daga. Jafnframt þarf sérfræðingur ríkisskattstjóra eingöngu að lesa yfir tvö atriði í stað 160 atriða sem skoða þarf í dag þegar einkahlutafélag er stofnað þar sem notuð eru stofnaskjöl ríkisskattstjóra. Augljóst er því að bæði mun atvinnulífið hagnast af skránni og einnig mun hún skila aukinni skilvirkni innan stjórnsýslunnar.

Greint er frá því í frumvarpinu að gert sé ráð fyrir að rafræn fyrirtækjaskrá verði tekin í gagnid á síðari hluta þessa árs. Vonast Viðskiptaráð til að sú fyrirætlun stjórnvalda gangi eftir svo að það hagræði sem af skránni hlýst muni koma til nota sem allra fyrst.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Margrét Berg Sverrisdóttir, lögfræðingur

¹ Umsagnir ráðsins má nálgast á eftirfarandi slóðum: <http://vi.is/malefnastarf/umsagnir/einfoldun-regluverks-atvinnulifis-fagnadarefni/> og <http://vi.is/malefnastarf/umsagnir/Innleiding-rafraennar-fyrirtaekjaskrar/>